



478.fundur Þingvallanefndar

Miðvikudagur 28. október 2020

Kl.11:30 Fjarfundur um tölvu.

Mættir: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Guðmundur Andri Thorsson og Líneik Anna Sævarsdóttir. Hanna Katrín Friðriksson, Karl Gauti Hjaltason og Páll Magnússon boða forföll.

Einnig sátu fundinn Þjóðgarðsvörður Einar Á. E Sæmundsen og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag

Gestir: Þráinn Hauksson og Ómar Ívarsson frá Landslagi ehf.

Umræða um hvernig skuli staðið að kynningarferli og hagsmunaaðilagreiningu.

2. Viðbrögð frá Landvernd og Landvarðafélaginu vegna uppsagna landvarða.

Þjóðgarðsvörður og formaður segja frá fundi sem Landvernd og Landvarðafélag Íslands óskuðu eftir vegna uppsagna landvarða í þjóðgarðinum.

3. Útvistun veitinga og minjagripasölu á Haki og í þjónustumiðstöð.

Þjóðgarðsvörður fer yfir stöðu vinnu við útvistun. Henni hefur verið seinkað vegna faraldurins en stefnt er að því að klára vinnuna með Ríkiskaupum eftir áramót og að nýr rekstraraðili verði kominn að rekstri beggja eininga í síðasta lagi 1. maí 2021 í kjölfar útboðs.

4. Þingvellir og Þjóðgarðastofnun
Umræðu frestað.

5. Kárastaðir - gamli bærinn.
Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir vinnu við gamla húsið á Kárastöðum. Styrkur að upphæð 2 m.kr fékkst úr húsafriðunarsjóði árið 2020. Styrkurinn verður nýttur til að teikna upp húsið og að tryggja að ekki verði foktjón af því.
Stefnt er að því að sækja um í Húsafriðunarsjóð fyrir árið 2021 til að hægt sé að vinna að frekari úttekt á húsinu, ástandi og mögulegu notagildi þess.

6. Vindmyllur á Mosfellsheiði

Umræða um áhrif vindmylla á nær- og fjærsvæði. Formaður ítrekar að nauðsynlegt er að umsögn berist frá þjóðgarðinum á Þingvöllum vegna fyrirhugaðs vindmyllugarðs.

Önnur mál

Þjóðgarðsvörður gerir grein fyrir stöðu framkvæmda við salernishús.

Fundi slitið